

Stjórnarfundur KAÍ 25. 4. 2022 kl. 12 á skrifstofu KAÍ, Íþróttamiðstöðinni.

Mættir: Reinharð, María, Elías Guðna, Hafþór, Elías Snorra og á Zoom: Sigþór.

1) Fjármál. Staðan góð, eigum von á greiðslu frá Afrekssjóði í lok mánaðar og Lottó í byrjun maí.

Útistandandi skudir hjá Breiðablik og Fylki vegna hlutar keppenda í keppnisferð á Opna Sænska.

2) Landsliðsmál. 6 keppendur á fá á WKF Youth League Limassol, Kýpur 27. Apríl til 2. Maí. Reinharð fararstjóri, Sadik og Halldór Stefánsson þjálfarar í ferðinni.

EM senior í Gaziantep, Tyrklandi, í lok maí. 3 keppendur taka þátt og Sadik fer með sem fararstjóri og þjálfari.

Í júní er EMU21 í Prag, Tékklandi. 7 keppendur hafa verið valdir til keppni. Reinharð fer sem fararstjóri, Helgi Jóhannesson dómari, Sadik þjálfari í kumite og verið er að staðfesta þjálfara í kata.

Samþykkt að WKF Youth League og æfingabúðir í Porec, Króatíu í júlí verið klúbbaferð en ekki á vegum KAÍ. Allir þeir sem eru skráðir í landsliðshópa í kata og kumite geta sótt um 60.000 kr styrk til að taka þátt í æfingabúðunum/mótinu.

3) Mótamál. Næsta mót er GP2 2022 sem verður haldið í Fylkisselinu, Norðlingaholti, laugardaginn 7. maí. Mótið hefst kl. 10.00. Opið er fyrir skráningu á Sportdata.org.

Að mótinu loknu mun mótanefndin koma sama og leggja fram áætlun um innlend mót haustsins. ÍM í kumite, ÍMU í kumite, GP3 og BM1.

Formenn karatesambanda norðurlanda hafa samþykkt að færa NM fram á vor árið 2023 og áfram.

Því verðu keppt í nóvember í Riga, í maí 2023 í Svíþjóð og í Laugardalshöllinni 13. apríl 2024.

Enn vantar fulltrúa í mótanefnd frá nokkrum félögum innan KAÍ: ÍR, Haukar, Víkingur og Þórshamar.

4) Dómaramál. Dómaranefnd er svo skipuð 2022-2023: Helgi Jóhannsson, formaður, Kristján Ó. Davíðsson og Pétur Freyr Ragnarsson.

5) Formannafundur í maí. Stefnt á 21/22 maí í Breiðablik. Beðið eftir staðfestingu með húsið og salinn. Stefnt á að hafa 2 tíma æfingar með valinkunnum karatekennurum, pizzaveislu á eftir og síðan formannafund í 1 klst. Erum að safna í mál fyrir fundinn.

6) Önnur mál: Tekið fyrir kvörtunarbréf sem barst stjórninni. Formaður KAÍ mun staðfesta móttöku bréfsins og að það hafi verið tekið fyrir á stjórnarfundum. Elías Guðni tók að sér að fylgja bréfinu eftir.

Fundaritari: Reinharð Reinharðsson